

## Stjórnarfundur 282

FUNDARGERÐ		
Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
24.01.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 282</a>
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 10:54	
Fundarmenn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, Hilda Jana Gísladóttir, Þórhallur Jónsson, Sif Jóhannesar Ástudóttir, Geir Kristinn Aðalsteinsson.	Kristín Kjartansdóttir.	
Ásgeir Ívarsson sat fundinn undir lið 1 í fjarfundi, Matthías Þorvaldsson sat fundinn undir lið 2 í fjarfundi, Sigurbjörn Gunnarsson sat fundir undir lið 3.		
Í fjarfundi		
Erla Björg Guðmundsdóttir, Stefán H. Steindórsson, Gunnur Ýr Stefánsdóttir, Hjalti Steinn Gunnarsson, Arnaldur B. Magnússon.		

---

1. **Orkey**
2. **Þjónustukönnun Norðurorku**
3. **Netöryggismál Norðurorku**
4. **Rafveitueftirlitsgjald - HMS hættir innheimtu**
5. **Búnaður frá Norðurorku til Ukraínu**
6. **Nýting glatvarma frá TDK**
7. **Afslættir á heitu vatni og hvatning til ábyrgrar notkunar**
8. **Önnur mál**

## 1. Orkey

Ásgeir Ívarsson kynnti hugmyndir sínar um Orkey og nýtingu lífdísels.

**Stjórn þakkar fyrir kynninguna og stefnt er að því að ræða næstu skref á stjórnarfundum í febrúar.**

## 2. Þjónustukönnun Norðurorku

Matthías Þorvaldsson hjá Gallup fór yfir niðurstöður þjónustukönnunar NO. Úrtakið var 1018 manns, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr póstnúmerum 600, 601, 603, 604, 605, 606, 611 og 630. Af þeim sem spurðir voru svöruðu 593, eða 58,3%.

Úr svörum var unnin einkunn fyrirtækisins á skalanum 1 - 5 fyrir hverja spurningu og einkunnin borin saman við einkunnir þjónustukannana sem Gallup hefur gert frá árinu 2015.

Helsti niðurstöður eru þær að 63,4% þeirra sem svöruðu eru jákvæð gagnvart Norðurorku, 34,7% hvorki né og aðeins 1,9% neikvæð. Einkunn Norðurorku er 3,9 en samanburðareinkunn Gallup er 3,6. Einkunn Norðurorku er marktækt hærrí en einkunn samanburðarhópsins.

Þau sem svöruðu því játandi að hafa verið í samskiptum við Norðurorku voru spurð um það hversu ánægð eða óánægð þau séu með viðmót starfsfólks NO. 91,1% voru mjög ánægð eða frekar ánægð með viðmót starfsfólksins, 7,3% hvorki né og aðeins 1,7% óánægð. Einkunn Norðurorku er 4,5 en samanburðareinkunn Gallup er 4,0. Það er umtalsverður og marktækur munur. Að sögn Matthíasar mælist viðmót starfsfólks Norðurorku afburða gott.

Spurt var "Þegar á heildina er lítið hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustu Norðurorku" og svöruðu 62,5% því til að þau væru mjög ánægð eða frekar ánægð og er það aukning frá fyrri mælingum. 35,7% svöruðu hvorki né og 1,7% voru óánægð. Einkunn Norðurorku var 3,9 og samanburðareinkunn var 3,8.

Matthías tók það fram að niðurstöður Norðurorku séu mjög góðar og að fyrirtækið geti verið stolt af þeim.

**Stjórn þakkar Gallup fyrir kynninguna og óskar starfsfólki Norðurorku til hamingju með góða niðurstöðu.**

## 3. Netöryggismál Norðurorku

Sigurbjörn Gunnarsson, verkefnastjóri UT stjórnkerfa fór yfir netöryggismál Norðurorku. Orku- og veitufyrirtæki eru eftirsóknarverð skotmörk fyrir netglæpi og mikilvægt fyrir öll fyrirtæki sem starfrækja og reka mikilvæga innviði að gæta sérstaklega að vörnum gegn slíkum glæpum. Áskoranir varðandi netöryggi hafa stóraukist undanfarin ár og tilraunum til árása og netglæpa gagnvart Norðurorku hefur fjölgað gríðarlega. Fyrirtækið vinnur þétt með netöryggishópi Samorku en einnig með CraftCert og Certis. Það felur m.a. í sér að gerðar eru prófanir á kerfum Norðurorku með það að markmiði að kanna öryggi þeirra en einnig hefur Norðurorka tekið þátt í sameiginlegri æfingu þar sem netárás á orku- og veitufyrirtæki var sviðsett og viðbrögð æfð. Staða netöryggismála Norðurorku er góð, varnir sterkar og vel er fylgst með þróun í þessum málum til að bregðast við nýjum og síbreytilegum ógnunum.

**Stjórn þakkar Sigurbirni fyrir góða kynningu.**

#### 4. Rafveitueftirlitsgjald - HMS hættir innheimtu

Erindi frá HMS þar sem fram kemur að ákv. hafi verið að frá og með 1. janúar 2023 verði hætt innheimtu rafveitueftirlitsgjalds sem bygg hefur á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og reglugerð um raforkuvirki. Ákvörðun byggir á dómi Landsréttar í máli 744/2020 þar sem innheimta gjalds af eftirlitsskyldum rafföngum var ekki talin hafa fullnægjandi lagastoð og þar með dæmd ólögæt. Unnið er að endurgreiðslu rafveitueftirlitsgjaldsins til rafveitna í samræmi við ákvæði laga nr. 150/2019.

Norðurorka hefur kallað eftir afstöðu HMS til þess hvort með þessu sé skylda til endurgreiðslu viðurkennd og að greitt verði fjögur ár aftur í tímann frá dagsetningu bréfsins. Forstjóri mun upplýsa stjórn um svar HMS þegar það berst.

***Til kynningar.***

#### 5. Búnaður frá Norðurorku til Úkraínu

Utanríkisráðuneytið leitaði til orku- og veitufyrirtækja á Íslandi og óskaði eftir því að þau skoðuðu það hvort þau ættu búnað sem senda mætti til Úkraínu en sem kunnugt er eru innviðir þar mjög illa farnir vegna stríðsins sem þar geysar. Norðurorka mun senda 3 stk 300-315 kVA spenna og 3 stk 100 kVA spenna til Úkraínu. Um er að ræða búnað í eigu Norðurorku sem er í góðu lagi en ekki er talin not fyrir.

***Til kynningar.***

#### 6. Nýting glatvarma frá TDK

Norðurorka er að hefja samtal við TDK um nýtingu á heitu vatni sem nú rennur ónotað til sjávar. Líkur eru á því að hluta þess vatns megi nýta beint inn á hitaveitukerfi Norðurorku með litlum tilkostnaði. Stefnir er að fyrsta formlega fundi um málið svo fljótt sem verða má og hugmyndin er að hefja undirbúning með undirritun viljayfirlýsingar um nýtingu Norðurorku á glatvarmanum.

***Til kynningar.***

#### 7. Afslættir á heitu vatni og hvatning til ábyrgrar notkunar

Gjaldskrá Norðurorku fyrir hitaveitu gerir ráð fyrir afslætti til sundlauga og íþróttavalla utanhúss í fullri stærð. Skilmálinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta er í veitukerfinu að mati Norðurorku.

Hvetja þarf stórnotendur til að grípa til aðgerða til að draga úr sóun og beita þeim ráðum sem tiltæk eru til þess. Norðurorka stefnir að því að fara yfir þessi mál með forsvarsmönnum sundlauga, upphitaðra hnattspyrnuvalla og fleiri aðilum og leita leiða til þess að draga úr sóun.

***Til kynningar.***

## 8. Önnur mál

### a) Aðal- og ársfundir 2023.

Rætt um mögulegar tímasetningar þeirra funda.

**Ákveðið að halda aðalfund og ársfund þriðjudaginn 25. apríl.**

Tillögur um þema ársfundar:

- Hitaveita (áskoranir hér og á Íslandi öllu)
- Fráveitumál (hvernig gengur reksturinn, magn af rusli o.s.frv.)
- Vatnsverndarmál
- Rafveita - landtengingar skipa
- Tölvu- og upplýsingaöryggi
- Fræðsluvikur starfsfólks Norðurorku.

### b) Umboð vegna aðalfunda í tengdum félögum.

Undirrituð umboð til handa stjórnarformanni og forstjóra til vara, fyrir öll tengd félög. Undirrituð umboð til sviðsstjóra þjónustusviðs fyrir aðalfund Netorku og fyrir sviðsstjóra veitu- og tæknisviðs fyrir aðalfund GPO.

**c) Minnt var á úthlutun samfélagsstyrkja Norðurorku kl. 16:00 fimmtudaginn 26. janúar í Hofi.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:54